

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

4. maí 2015

Umsögn Samorku um frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 72/2002, með síðari breytingum (full niðurgreiðsla vegna flutnings og dreifingar), 698. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að frá og með árinu 2016 verð með auknum niðurgreiðslum tryggt að flutningur og dreifing á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma. Gert er ráð fyrir að rafhitunarverð og gjaldskrár kyntra veitna fari niður að dýrustu jarðvarmaveitunum. Einnig er gerð tillaga um orðalagsbreytingu í lögnum þannig að niðurgreiðslur vegna olúkyndingar nái nú til húshitunar með öðru eldsneyti, svo sem grisjunarviðs.

Samorka gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins. Frumvarpið byggir m.a. á skýrslu starfshóps sem kynnt var á vef iðnaðarráðuneytis (eins og það hét þá) 19. desember 2011. Samorka gerði á sínum tíma, í umsögn til ráðuneytisins dags. 13. janúar 2012, athugasemdir við fjármögnunartillögur skýrslunnar, en þar var lagt til að tekið yrði upp jöfnunargjald á raforkuvinnslu og á hitaveitur, til að fjármagna þessar niðurgreiðslur. Að mati Samorku er rétt að félagslegar aðgerðir séu fjármagnaðar af almennu skattfé en ekki með sérstakri gjaldtöku sem dregur úr gegnsæi verðmyndunar. Samorka fagnar því að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir slíkri gjaldtöku.

Samorka tekur hins vegar undir umfjöllun í 6. kafla athugasemda með frumvarpinu, þess efnis að mikilvægt sé að halda inni hvata til frekari framkvæmda við jarðvarmaveitur. Jarðhitinn er alla jafna hagkvæmasta auðlindin til húshitunar og mikilvægt að skipulag opinberra niðurgreiðslna dragi ekki úr hvata til að nýta hana.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri